

LÖG

um breytingu á lögum nr. 113/1996,
um viðskiptabanka og sparisjóði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 44. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Viðskiptabönkum og sparisjóðum er heimilt samkvæmt sérstökum samningi að taka að sér að veita pósthjónustu fyrir hönd aðila sem leyfi hefur til að veita slíka þjónustu. Til framangreindrar starfsemi þarf samþykki Fjármálaeftirlitsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 16. maí 2000.***Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

Valgerður Sværisdóttir.

Nr. 49

LÖG

16. maí 2000

um breyting á lögregluglögum, nr. 90 13. júní 1996.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 38. gr. laganna:

- a. Á eftir orðunum „20 til 35 ára“ í a-lið 2. mgr. kemur: en þó má víkja frá aldurshámarkinu við sérstakar aðstæður.
- b. Á eftir orðunum „eða öðru sambærilegu námi með fullnægjandi árangri“ í c-lið 2. mgr. kemur: eða starfsþjálfun sem jafna má til slíks náms.
- c. 4. mgr. orðast svo:

Nám í lögregluskólanum stendur í a.m.k. tólf mánuði og skiptist í þrjár annir. Fyrsta önn er ólaunuð. Þeim nemum sem standast próf á önninni skal ríkislögreglustjóri sjá fyrir launaðri starfsþjálfun í lögreglu ríkisins í a.m.k. fjóra mánuði. Að lokinni starfsþjálfunarönn tekur við launuð þriðja önn í lögregluskólanum sem lýkur með prófum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 16. maí 2000.***Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Sólveig Pétursdóttir.***Endurprentað blað.**